

## Tungumál útleðar – um skrif alsírka rithöfundarins Assiu Djebar

### 1. Inngangur

Margir frönskumælandi rithöfundar<sup>1</sup> hafa verið meðvitaðir um stöðu sína milli málheima. Oft felst kjarninn í skrifum þeirra í togstreitunni á mótum tungumála: „stóru Frönskunnar“ og hinnar „smáu frönsku“ eða annarra tungumála (móðurmála eða mál-lýskna), sem rekja má til fyrrverandi nýlendna Frakka eða annarra landsvæða þar sem töluð er franska. Bókmenntir á frönsku frá þessum svæðum eru oft aðgreindar frá frönskum bókmenntum eða „Frakklands-frönsku“ undir heitunum minnihlutabókmenntir (fr. *littérature minoritaire*) eða svæðisbundnar bókmenntir (fr. *littérature régionale*). Gilles Deleuze og Felix Guattari þrengdu hins vegar hugtakið minnihlutabókmenntir og töluðu um „smábókmenntir“ (fr. *littérature mineure*) í bók sinni *Kafka: Pour une littérature mineure* (Kafka: Drög að smábókmenntum, 1975)<sup>2</sup> til þess að skilgreina skáldskap þar sem staða eða staðsetningar verða megininntak verksins. Um er að ræða þrennskonar einkenni: afsvæðingu (fr. *déterritorialisation*), sem er um leið valdaleysi; pólitíska afstöðu, þar sem málefni eru pólitísk, jafnvel upp á líf og dauða; og byltingarkenndar aðstæður, þar sem sameiginleg eða samfélagsleg nauðsyn knýr textann.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> „Frönskumælandi rithöfundar“ er hugtak sem er almennt notað yfir rithöfunda sem eru ekki af frönsku þjóðerni og/eða eiga sér annað eða fleiri móðurmál en frönsku og/eða rekja uppruna sinn til fyrrverandi nýlendna Frakka eða annarra landsvæða þar sem töluð er franska.

<sup>2</sup> Gilles Deleuze & Felix Guattari í *Kafka: Pour une littérature mineure*, Paris: Minuit, 1975.

<sup>3</sup> Sjá umfjöllun um hugtakið smá-bókmenntir í grein Irmu Erlingsdóttur, „Á milli mála. Um annarleika í bókmenntum á frönsku“, *Kynjafræði – kortlagningar*, ritstj. Irma Erlingsdóttir, Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum/Háskólaútgáfan, 2004, bls. 63–73.

Assia Djebar er einn þeirra frönskumælandi rithöfunda sem skrifa út frá staðsetningu sinni á mörkum menningarsvæða. Djebar, sem fæddist í sjávarbænum Cherchell í Alsír árið 1936, er einn helsti núlifandi rithöfundur Norður-Afríku. Hún lærði sagnfræði í París og árið 1962 fékk hún stöðu við háskólann í Alsír og var fyrsti Alsírúbúinn sem kenndi við sagnfræðideildina þar. Árið 1966 flutti hún aftur til Parísar, en átta árum síðar sneri hún til baka til móðurlandsins, þar sem hún kenndi franskar bókmenntir og kvikmyndafræði við háskólann í Alsír. Hún hefur starfað sem háskóla- prófessor í Alsír, Frakklandi og síðast Bandaríkjunum. Assia Djebar hefur gefið út skáldsögur, smásögur, leikrit, þýðingar, fræðirit og að auki hefur hún gerð tvær kvikmyndir.

Í þessari grein verður fjallað um tilraunir Djebar til að glíma í skáldverkum sínum við „ómöguleika“ þess að skrifa á frönsku og jafnframt ómöguleika þess að skrifa ekki á frönsku. Hún þarf að glíma við tungumálið, eigin bakgrunn og sjálfa sig. Hún þarf að sigla milli skers og báru. Sú krafa var gerð til hennar líkt og margra annarra alsírskra höfunda að hún legði frönskuna til hliðar í skrifum sínum ásamt franskri menningu og gengist alfarið við alsírskri arfleifð, sem felst ekki síst í því að skrifa á arabísku. Djebar velur hins vegar þriðju leiðina milli öfganna sem felast í samruna við franska bókmenntahefð og upphafningu á hinu staðbundna, hinu upprunalega. Hér verða greindar birtingarmyndir þessa mótsagnakennda tvítogs og áhrifa sem einkenna skáldverk Djebar og frásagnarstíl hennar. Í því samhengi þarf að beina sjónum að hugtakinu „þýðing“ í skrifum og verkum hennar. Hún semur á frönsku, en ritar arabískt eða berbískt hljómfall inn í tungumálið. Segja má að hún „tvítyngi“ frönskuna, (yfir)færi framandi sögu, reynslu og raddir yfir á frönsku.

## 2. Konan inni í myndinni

Ljósmyndin er af drengjabekk í þorpinu Mouzaïaville í Alsír: Fyrir miðju er Assia Djebar, eina stúlkan meðal 40 drengja. Það hafði aldrei staðið til að Assia, eða Fatma eins og hún hét áður en hún tók upp skáldanafn, gengi menntaveginn, ekki frekar en aðrar múslímskar stúlkur. Hún átti því láni að fagna að faðir hennar, kennarinn, tók hana með sér í vinnuna, í franska skólann, þar sem þau



dvöldu á heimavist. Þannig gafst henni tækifæri til að menntast. Ljósmyndin er fyrsta myndin sem tekin var af Assiu.<sup>4</sup> Í skáldævi-sögu sinni *Vaste est la prison* (Gríðarstórt er fangelsið, 1995)<sup>5</sup> lýsir hún því þegar hún rýnir í myndina og á drengina sem hún þekkir ekki lengur. Hún spyr sig hvort hana hafi dreymt þá og veltir fyrir sér þeim veruleika sem mætti henni í þessum bekk föðurins. Hún segir frá augnabliki uppstillingarinnar:

Faðir minn stillir nemendum sínum upp fyrir framan skóla-dyrnar: Þeir lágvöxnu eru fremst, en þeir hávaxnari standa fyrir aftan; hann stillir sér svo upp til hliðar og ekkert er að vanbúnaði að smella af. Og ég? Ég átti að biða, þæg og þögul aðeins utan við hópinn. Þetta var í fyrsta skiptið; enginn hafði kennt mér hvernig bekkjarmyndir eru teknar. Allt í einu ... allt í einu er eins og faðir minn átti sig: Hann lítur til mín, sér að ég er ein og feimin eins og vanalega. Hvað kom yfir hann? Tók hann eftir því að ég var ein, til hliðar, eins og útskúfuð?

<sup>4</sup> Myndin er fengin úr bókinni *Assia Djebar* eftir Mireille Calle-Gruber, París: adpf, 2006, bls. 90.

<sup>5</sup> Assia Djebar, *Vaste est la prison*, París: Albin Michel, 1995.

Hann hafði eitt andartak gleymt því að ég var stelpa og þar með utanveltu í augum skóladrengja. Hann gekk til mín, tók um hönd mína og leiddi mig að miðjum hópnum, lét drengina hliðra til fyrir mér og setti mig fyrir miðju, beint fyrir framan ljósmyndarann. Svo fer hann á sinn stað, ábyrgðarfullur og athugull kennari. Og ég, tróni þarna, ólíkindaleg drottning meðal verðandi stríðsmanna. Tróni, án þess að vita það ... Allt er fallið í ljúfa löff og kennarinn sáttur; hann reigir sig og stendur við hlið þeirra sem hann kennir. Hann stillir sér upp fyrir hina – allt þorpið ... Hann stillir sér upp, hreykinn af piltunum fjörutíu sem hann menntar og líka hreykinn af elsta barni sínu, stúlku, sem hann hefur sett inn í miðjan hópinn.<sup>6</sup>

Eins og sjá má á ljósmyndinni situr Assia fyrir miðju, hallar sér aðeins fram, svolítið óttaslegin. Hún skynjar að hún vekur furðu; svona á ekki að gera, að setja stúlku inn í hóp fjörutíu drengja, sem þar að auki eru eldri en hún sjálf. Þessi mynd óvæntrar tilfærslu er fyrirboði um stöðu hennar síðar sem rithöfundar á mörkum tveggja menningarheima. Þetta er portrett hins óviðurkvæmilega eða jafnvel portrett bókmenntanna sjálfra (sem eru í ákveðnum skilningi óviðurkvæmilegar).<sup>7</sup> Þau átök sem greina má á ljósmyndinni endurspeglast í bókmenntaverkum Djebbar.

<sup>6</sup> „[...] mon père a fait asseoir dehors, devant la porte, tous ses élèves : les petits d'âge ou de taille moindres devant, assis sur deux rangs, les plus grands derrière debout. [...] Il s'est ensuite placé sur le côté : tous sont prêts pour le dé clic. Et moi ? Je devais attendre, docile et silencieuse, un peu plus loin, sur le côté. C'était la première fois : personne ne m'avait expliqué le protocole de la photo de la classe. Soudain... Soudain quelle impulsion a entraîné mon père ? Il m'a regardée, il m'a vue seule, dans l'attente, intimidée à mon habitude. Que lui a-t-il pris ? Une brusque tendresse ? Un sentiment d'injustice vague de me voir seule, écartée de ces enfants, comme exclue ? Il a oublié une seconde que j'étais une fille, donc pour ses élèves garçons quelqu'un à part... Il est venue me chercher, il m'a prise par la main ; il a fait reculer les garçons du premier rang et il m'a fait asseoir au centre, face au photographe... Il a repris, sur le côté, sa place de maître vigilant. Et moi alors, comme trônant, reine inattendue parmi ces futurs guerriers! Trônant et ne le sachant pas. Tout va bien maintenant, juste avant le dé clic, pour le maître : il redresse sa haute taille, il attend près de ceux qu'il instruit. Il pose pour les autres – tout le village, y compris la petite société coloniale qu'il nargue par sa fierté et ses revendications égalitaires. Il pose, fier à la fois de ses quarante garçon qu'il éduque, et pas seulement dans leur apprentissage du français, et fier aussi de son enfant aînée – c'est une fille, et puis après, il l'a placée ainsi au milieu.“ Sama rit, bls. 270–271. Eigin þýðing.

<sup>7</sup> Eins og Mireille Calle-Grüber bendir á í bók sinni um Assiu Djebbar með tilvísun í Maurice Blanchot sem segir einu tilhlýðilegu tjáskiptin eiga sér stað innan „ótilhlýðilegra bókmennta“ („la seule communication qui désormais convienne et qui passe par l'inconvenance littéraire“), *Assia Djebbar ou la résistance de l'écriture. Regards d'un écrivain d'Algérie*, Paris: Mairie de Paris et Larose, 2001, bls. 16–17.

Ljósmyndin verður einhvers konar frummynd, ljósmynd dögunar, ekki aðeins hvað varðar skáldskap Djebbar, heldur líka hlutverk föðurins, Tahar Imalhayénel. Hann fremur í myndinni áhrifamesta gjörning sinn sem kennari: Hann setur inn í myndina aðskotahlut sem er fyrirboði nýrrar veraldar þar sem karlar og konur ganga saman. Kennarinn er óafvitandi frumkvöðull – fyrir tíð frumkvöðla. Hann sér til þess að elsta barn sitt, þrátt fyrir kyn þess, öðlist menntun sína og menningarlega arfleifð. Assia Djabar, konan, er inni í myndinni.

### 3. Konur og þjóðernishyggi

Verk Djebbar fjalla um baráttuna fyrir félagslegu réttlæti og frelsi múslímskra kvenna. Nokkur þeirra fjalla einnig um áhrif stríðs á líf kvenna. Femínísk afstaða hennar og nálgun hafa vakið upp andúð þjóðernissinna og bókstafstrúarmanna í Alsír. Mjög lítið hefur verið birt eftir hana á arabísku í Alsír, en hún er þekkt í Evrópu og Bandaríkjunum, þar sem hún er nú prófessor við New York-háskóla, og er enn að skrifa á áttæðisaldri. Fyrsta skáldverk hennar, *La soif* (Þorstinn)<sup>8</sup>, kom út árið 1957 og var strax þýtt á ensku. Enska útgáfan vakti mikla athygli í Bandaríkjunum; hún var gefin út í kilju og náði mikilli útbreiðslu. Verk hennar hafa nú verið þýdd á 23 tungumál.

Assia Djebbar hefur getið sér góðan orðstír, en hún skapaði sér einnig nafn í öðrum skilningi. Tilviljanakennd og lýsandi saga liggur að baki því skáldanafni sem hún gaf sér – því að „Assia Djebbar“ er nafn sem hún valdi sér sem rithöfundur. Þegar fyrsta skáldsaga hennar var á leið í prentsmiðju þurfti hún að finna skáldanafn í hvelli, þar sem hún vildi ekki að fjölskylda sín kæmist að því að hún væri að gefa út bók. Einkum var mikilvægt að faðir hennar yrði þess ekki áskynja. Þegar hún var á leið í prentsmiðjuna í bíl bað hún kærasta sinn að þylja eftir minni 99 lofgjörðir til Allah í þeirri von að finna hentugt pennanafn. Hún valdi „Djebbar“, en það orðtak lofar Allah hinn ósveigjanlega. Í flýti skrifaði hún orðið með einu b-i *djebbar* sem þýðir „heilari“ á arabísku.

<sup>8</sup> Assia Djebbar, *La soif*, París: Julliard, 1957.

Fornafnið Assia felur í sér tilvísun til Asíu og hinna dularfullu Austurlanda. Þannig má segja að Djebbar hafi staðfest „hinn“ í nafni sínu, ólíkt t.d. kvenrithöfundum eins og George Eliot, Georges Sand – eða Karen Blixen sem notaði karlkynsnafn þegar hún gaf fyrst út *Out of Africa (Jörð í Afríku, ísl. þýðing 1952)* og Anne Brontë sem gaf út bækur undir nokkrum karlkynsnöfnum. Djebbar felur sig ekki bak við nafnið gagnvart hinum almenna (frönskumælandi) lesanda heldur dregur athyglina að uppruna sínum. Hún skrifar á frönsku „þrátt fyrir“ arabískt nafn sitt – og hún skrifar á frönsku sem Assia Djebbar – sem kona af alsírskum uppruna og með sterkri tilvísun til menningar og sögu alsírskra kvenna.

Djebbar varð fyrir miklum þjóðernisáhrifum í háskólanámi sínu vegna Alsírstríðsins 1954–1962 og baráttunni gegn franskri nýlendustefnu í Alsír. Hún tók þátt í verkföllum námsmanna í Frakklandi til stuðnings kröfunni um sjálfstæði Alsírs og skrifaði bókina *Les alouettes naïves* (Grunlausir lævirkjar, 1967)<sup>9</sup> sem fjallar um reynslu flóttamanna frá Alsír í stríðinu, en því lauk þannig að Frakkar viðurkenndu sjálfstæði Alsírs árið 1962. Eftir að sjálfstæðismarkmiðinu var náð lagði Þjóðfrelsisfylkingin (Front de Libération National, FLN), sem hafði skipulagt andstöðuna gegn Frökkum og komist til valda, mikla áherslu á að eyða frönskum áhrifum. Það átti að byggja upp hið nýja ríki á arabískum forsendum og menningu. Djebbar vann með Þjóðfrelsisfylkingunni um tíma, m.a. með því að taka viðtöl við alsírská flóttamenn í Túnis og Marokkó. Eftir að Alsír öðlaðist sjálfstæði var Djebbar gagnrýnd fyrir að skrifa áfram á frönsku í stað arabísku eins og þá var ætlast til af alsírskum rithöfundum. Þá var hún hins vegar orðin fullgildur frönskumælandi rithöfundur en var jafnframt mjög trú alsírskum uppruna sínum og gildum.

Höfundarverki Assiu má skipta í tvö tímabil. Á árunum 1957–1962 skrifaði hún fjórar skáldsögur sem tengjast á einn eða annan hátt ástandinu í Alsír, stöðu kvenna og baráttu gegn feðraveldi og andspyrnu gegn nýlendustefnu: *La Soif, Les Impatients* (Hinir óþolinmóðu, 1958), *Les enfants du nouveau monde* (Börn í nýjum heimi, 1962) og *Les alouettes naïves*. Síðan tók við langt hlé á rithöfundarferli hennar, en hún gaf ekkert út í 12 ár. Á því tímabili sneri hún sér

<sup>9</sup> Assia Djebbar, *Les alouettes naïves*, Paris: Julliard, 1967.

að kvikmyndagerð og nýtti sér þjóðfélagsáhrif kvikmynda. Mynd hennar *La Nouba des femmes du Mont Chenoua* (Hóf kvennanna frá Mont Chenoua, frumsýnd 1978), fjallar t.d. um líf konu sem sneri aftur til Alsír á 8. áratugnum eftir 15 ára dvöl erlendis. Sjónum er beint að muninum á þessari konu og þeim sem ekki yfirgáfu Alsír og sagan er sögð í formi hefðbundins alþýðusöngtexta í fimm köflum. Myndin fékk mjög góðar viðtökur og verðlaun gagnrýnenda á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum árið 1979. Árið 1981 hóf Djebar að vinna að annarri mynd sinni *La Zerda ou les chants de l'oubli* (Zerda og aðrir óminnissöngvar, 1983). Þessi mynd, sem fjallar einnig um stöðu kvenna í samfélagi Berba í Alsír, fékk ekki síður góða dóma og hlaut verðlaun gagnrýnenda sem besta sögulega kvikmyndin á kvikmyndahátíðinni í Berlín árið 1983. Þessar myndir vöktu hins vegar litla hrifningu ráðandi menningarafila í Alsír sem vildu halda annarri menningararfleifð að fólki. Það var í anda svokallaðrar „arabavæðingar“ Alsírs, þar sem tilraun var gerð til að þurrka út berbíska menningu og tungumál og sömuleiðis franska menningu og tungumál.

Þögn Djebars á bókmenntasviðinu skýrði hún þannig að hún hefði í fjórðu bók sinni snert á sjálfsævisögulegum þáttum sem hefðu í raun gert henni ókleift að halda áfram að skrifa. Það eitt að skrifa væri mjög stórt skref fyrir alsírsku konu. Á þessum tíma jafngilti það því að „sýna sig“, „afhjúpa sig“, eða eins og Djebar orðaði það „s'exposer“ – opinbera sig – „halda sýningu á sér“. Það þýddi líka að stofna sjálfri sér í hættu því að slík opinberun var lögð að jöfnu við lauslæti. Hún rakti einnig ástæður þess hlés sem hún tók sér frá skrifum til þeirra átaka tungumála er á þessum tíma fóru fram á pólitískum vettvangi í Alsír.

Með útgáfu smásögusafnsins *Les femmes d'Alger dans leur appartement* (Alsírskar konur í íbúðum sínum)<sup>10</sup> árið 1980 tók Djebar upp bókmentapráðinn á nýjan leik. Þar ber hún saman vitnisburð alsírskra kvenna og vestræn viðhorf til „Austursins“. Á níunda og tíunda áratugnum samdi hún svo tíu skáldsögur auk kvikmyndanna. Í skrifum sínum á þessu tímabili beinir hún sjónum að þjóðfélagsölgu og áhrifum stríðsástands á líf fólks í Alsír. Hún leggur þar sérstaka áherslu á stöðu múslímskra kvenna, ekki aðeins í samtímanum heldur einnig sögulegu ljósi. Eitt dæmi þess er

<sup>10</sup> Assia Djebar, *Les femmes d'Alger dans leur appartement*, Paris: L'Harmattan, 1980.

*L'Amour, la fantasia* (Ástin, riddarasveitin), sem kom út árið 1985 og er ein þekktasta bók hennar. Í umfjöllun sinni um konur í Alsír leitar hún fyrirmynda úr tónlist eins og í kvikmynd sinni *La Nouba des femmes de Mont Chenoua* og blandar saman á mjög áhrifarík-an hátt „tónlistarstefjum“, munnmælum og ritmáli til að draga upp mynd af brotnu eða sundruðu sjálfi höfundarins.

Djebbar notfærði sér nám í arabísku til að auka breiddina í skrif-um sínum á þessu tímabili. Þannig lék hún sér með franskt mál með því að gefa því tóna og hrynjandi arabísku í þeim tilgangi að snúa tungumáli nýlendukúgarans í tungumál andspyrnu. Hún taldi sig þurfa að komast yfir „ópersónuleika“ franskrar tungu og þá staðreynd að hún væri að nota tungumál „hinna“. Í þeim skilningi glímur hún við lykilsurningar eftirlendufræða<sup>11</sup> – togstreituna milli hinnar evrópsku/vestrænu „miðju“ og „jaðarsins“ og áhrif herrahjóðarinnar á tungumál, menningu og hugsunarhátt í fyrrverandi nýlendum. En þótt Djebbar leggi áherslu á slíkan bræðing (e. *hybridity*) í anda Homi K. Bhabha<sup>12</sup>, er erfitt að staðsetja hana kenningarlega innan eftirlendufræða. Spurningar um afbyggingu, mismun og tungumálið eru áleitnari í verkum hennar. Þannig má greina ákveðna þróun þar sem hún fjarlægist Alsír, þótt það sé enn kjarninn í frásögnum hennar. Í stað þess að samsama sig móðurlandinu lítur hún æ oftár á Alsír sem sundurlimað land undir oki fortíðarinnar. Þar togast á minningar og gleymaska og frásagnir af missi, oft persónulegum, gegna þar mikilvægu hlutverki.<sup>13</sup> Þessi reynsla er óþýðanleg, enda á hún sér ekki stað í frönsku tungumáli, og endurspeglar veruleika sem er henni náinn og framandi í senn.

<sup>11</sup> Um eftirlendufræði sjá t.d. Bill Ashcroft, Gareth Griffiths og Helen Tiffin, *The Empire Writes Back. Theory and Practice in Postcolonial Literature*, London, New York: Routledge, 1989 [endurútg. 2002]; Homi K. Bhabha, *The Location of Culture*, London og New York: Routledge, 2004; Christ Tiffin og Alan Lawson, *De-Scribing Empire: Post-Colonialism and Textuality*, London: Routledge, 1994; Gayatri Spivak, „Can the Subaltern speak?“, *Colonial Discourse and Post-Colonial Theory: A Reader*, ritstj. Patrick Williams og Laura Chrisman, New York: Columbia University Press, 1994, bls. 66–111.

<sup>12</sup> Sjá Homi K. Bhabha, *The Location of Culture*.

<sup>13</sup> Sjá Jane Hiddleton, *Assia Djebbar: Out of Algeria*, Liverpool: Liverpool University Press, 2006, bls. 131.



#### 4. Alsír sem táknmynd ofbeldis

Þegar ný ofbeldisalda hófst í Alsír á tíunda áratug 20. aldar hafði það mikil áhrif á Djebar – ekki aðeins á það hvernig hún hugsaði um hlutverk tungumálsins í eigin landi heldur einnig um hlutverk landsins í tungumálinu.<sup>14</sup> Rekja mátti Þjóðfélagsólguna að miklu leyti til blóðbaðsins sem varð í tengslum við þingkosningarnar þar árið 1991. Þetta var fyrsta lýðræðistilraunin í Alsír frá því að landið fékk sjálfstæði, enda hafði stjórnarflokkurinn, Þjóðfrelsisfylkingin, verið eini löglegi flokkurinn til ársins 1989. Stór hluti kjósenda ákvað að sýna óánægju sína með stjórn Þjóðfrelsisfylkingarinnar með því að styðja íslamskan flokk (Front Islamique du Salut, FIS) í fyrri umferð kosninganna. Þegar allt benti til þess að sá flokkur næði völdum var ákveðið að fella niður seinni umferð kosninganna. FIS var bannaður og leiðtogar hans fangelsaðir. Þetta leiddi til mikillar Þjóðfélagsólgu og síðan borgarastríðs. Íslamskir hópar vígvæddust og lýstu yfir stríði á hendur Hizb-Fransa (Franska flokksins), þ.e. frönskumælandi menntamönnum, blaðamönnum, útlendingum og öllum sem þeir töldu hafa unnið með stjórnvöldum gegn íslamska flokknum. Í kjölfarið var fjöldi menntamanna myrtur, en hugtakið „menntamorð“ hefur verið notað um þessa atburði.<sup>15</sup>

Djebar brást strax við með því að leggja til hliðar skáldsögu sem hún var með í smíðum til að skrifa gegn ofbeldinu í Alsír. Hún skrifaði þrjár bækur í þessu skyni: *Vaste est la Prison, Le Blanc d'Algérie* (Algeirshvítur, 1995)<sup>16</sup> og *Oran, langue morte* (Oran, dautt tungumál, 1997)<sup>17</sup>. Í öllum þessum bókum er glímt við eyðileggingu heimalands hennar. Markmiðið var ekki að skilja það sem henni fannst óskiljanlegt, heldur að takast á við harmleikinn með því að hugsa upp á nýtt svæði tungumálsins, þar sem fjölmörg tungumál leysa af hólmi tvískiptingu/andstæður frönskunnar og arabískunnar.

<sup>14</sup> Sjá Julija Šukys, „Language, the enemy: Assia Djebar's response to the Algerian intello-cide“, *Journal of Human Rights*, 3(1)/2004, bls. 115–131.

<sup>15</sup> Um ofbeldið í Alsír sjá t.d. Mohammed H. Hefez, „Armed Islamist Movements and Political Violence in Algeria“, *Middle East Journal*, 54(4)/2000, bls. 571–592; Mohamed Samroui, *Chronique des Années de Sang: Algérie, Comment les Services Secrets ont Manipulé les Groupes Islamistes*, Paris: Denoël, 2003.

<sup>16</sup> Assia Djebar, *Le Blanc d'Algérie*, Paris: Alben Michel, 1995.

<sup>17</sup> Assia Djebar, *Oran, langue morte*, Paris: Actes Sud, 1997.

Á tíunda áratug 20. aldar var franskan í Alsír orðin að hugmyndafræðilegum óvini frekar en hernaðarlegum, eins og hún hafði birst í hernámi Frakka á 19. og 20. öld. Fyrir þá Alsírþúa sem vildu koma á íslömsku ríki var franskan tákn fyrir veraldarhyggju og óvelkomin vestræn áhrif. Djebar hafði þegar í *L'Amour, la fantasia* reynt að svara hugmyndum sem fengu sífellt meira vægi í Alsír um að alsírskir höfundar ættu ekki að nota tungumál nýlendu-herranna vegna þess að Alsír-franska væri herfang, eiturgjöf og stjúp módur-tungumál. Í bókinni styðst Djebar við frönsk skjöl frá nýlendutímabilinu og endurritar söguna með því að færa í orð þá sögu sem þessar heimildir greina ekki frá. Þetta á við bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu því að í frönskum texta hennar koma hvað eftir annað upp á yfirborðið arabísk og berbísk orð og/eða orðtök. En vonir Djebar um að unnt væri að sýna alsírskar hefðir tungumála-margbreytileika í jákvæðu ljósi brugðust – þegar vinir og kunningjar hennar urðu fórnarlömb íslamista í Alsír.<sup>18</sup> Morðin voru yfirleitt framin í skjóli nætur og þeir sem ráðist var á voru ekki aðeins menntamenn, heldur einnig almennir borgarar og jafnvel börn. Í stað endurnýjunar, eins og Djebar vonaðist til, varð tungumálið að sjúkdómsmerki þess ofbeldis sem hrjáði alsírskt þjóðfélag.

## 5. Eintyngi eins og „annarra“

Stríðið gegn menntamönnum í Alsír var vitaskuld áfall fyrir alsírskar bókmenntir, þar sem raddir rithöfunda voru að stórum hluta þaggaðar. Margir urðu landflótta og ófáir voru myrtir. Eins og einræðisöfl víða annars staðar beittu yfirvöld „eintyngi“ eða „monolinguisma“ til að breiða yfir tvímæli með hinu „ríkjandi“ tungumáli. Í bók sinni *Monolinguisme de l'autre* (Tvítyngi hins, 1996) afbyggir Jacques Derrida hugtakið „eintyngi“ með því að benda á að hinn eintynngdi einstaklingur tali alltaf annað tungumál – eða eins og hann sagði um sjálfan sig: „Ég tala aðeins eitt tungumál og það er ekki mitt.“<sup>19</sup> Hann telur tungumál varðveita „mis-

<sup>18</sup> Sjá Julija Šukys, „Language, the enemy: Assia Djebar's response to the Algerian intelligence“, bls. 116.

<sup>19</sup> Jacques Derrida, *Le Monolinguisme de l'autre*, Paris: Galilée, 1996, bls. 13.

mun“ (fr. *différence*) eða „skilafrest“ (fr. *différance*) og vera opin fyrir allskyns umbreytingum og ígræðslum. Að tala tungumál er að fara eins og köttur í kringum heitan graut – mismuninn. Það að tala felur í sér að taka á móti óskiljanlegum gesti sem neyðir mann fyrr eða síðar til að tala öðruvísi. Það að tala, að skrifa, að þýða er að bæta hið óbætánlega – láta áður óþekkt tungumál heyrast. Þessi sýn Derrida á fjöltyngi tungumálsins er andstæð þjóðernislegum eða staðbundnum skilgreiningum á tungumálum sem úthýsa hinu framandlega. Markmið Djebar, að „tvítyngja tungumálið“, verður í þessu ljósi skýrara. Tvítyngið er einskonar afbygging, sem dregur fram skilafrestinn og/eða mismuninn í tungumálinu.

Í *Vaste est la prison*, sem fjallar um átökin í Alsír á tíunda áratugnum, snýr Assia Djebar aftur til viðfangsefna sem hún hafði lengi verið upptekin af: kúgun kvenna, undirokun nýlendustefnunnar og frelsandi möguleika tungumálsins. Túlka má skrif hennar í þessu verki sem vopn eða athvarf lágstéttanna og þeirra undirokuðu. Í skáldsögunni beitir hún sjálfsævisögulegri nálgun, en bókin fjallar um unga alsírsku menntakonu sem elst upp við nýlendukúgun Frakka á tímum Alsírstríðsins. Hún upplifir sundrun hjónabands síns í þjóðfélagi sem sýnir konum ekkert umburðarlyndi.

Djebar tengir saman einkalíf þessarar konu við ævafora menningarsögu lands síns. Hún rekur hvernig upprunalegt tungumál þess glatast, hvernig landið þurfti að þola stríð og hernám og hvernig brot af þessari sögu hafa varðveist með einhverjum hætti. Djebar tengir eigin rödd og líf við raddir og líf alsírskra byltingarkvenna í þeim tilgangi að upphefja kvenlega reynslu og tjáningu á kostnað þöggunar og söguskoðunar nýlendukúgarans. Hún vill gera konur sýnilegar og ljá þeim rödd í verkum sínum. Markmið Djebar með því að segja sögu sína ásamt sögum hinna er m.a. að endurheimta einstaklingsbundnar raddir. Það á við um rödd Djebar sjálfar og byltingarkvenna fyrri tíma – ekki aðeins raddir þeirra, heldur einnig líkama.

Djebar tekur bæði pólitíska afstöðu í skrifum sínum og fræðilega stöðu í ritgerðum og stefnuyfirlýsingum um skrif sín og skáldskap. Þetta á hún sameiginlegt með marokkóska rithöfundinum Abdelkebir Khatibi sem einnig skrifar á frönsku þótt móðurmál hans sé arabíska. Hann notar t.d. hugtakið „tví-tunga“ (fr. *bi-langue*)

til að marka sér stöðu í tungumálinu. Það er því kannski ekki undarlegt að hann leggi að jöfnu störf rithöfundarins og þýðandans: Með þeim hætti tengir hann þýðingarhugtakið við hugtakið um „tví-tunguna“. Hann segir móðurmálið sífellt að verki í hinu erlenda máli og að í textanum eigi sér stað stöðug „þýðing“. Málið (textinn) snýst ekki um annað hvort frönsku eða arabísku; meginatriðið er að framkalla nýja fleti innan eða inn á milli mála (fr. *infraliminaire*).<sup>20</sup> Eftirfarandi tilvitnun er að finna í bók Khatibis *Maghreb pluriel* (Hin fjölþætta Maghreb, 1983): „Allar þessar marokkósku frönskumælandi bókmenntir eru frásagnir af þýðingum. Ég á ekki við að þær séu einungis þýðingar; ég áréttá að um er að ræða frásagnir sem tala tungum.“<sup>21</sup> Í huga Khatibis eru frönskumælandi bókmenntir þannig fjöltyngdar; þær miðla erlendum menningarheimum, gera ólík tungumál sýnileg (með því að láta þau „heyrast“ í frönskunni) og sviðsetja (fr. *mettre en récit*) samfund þeirra í annarlegu máli – kannski „þriðja“ málinu. Þýðingin sem fer fram er á „frummáli“, en sú franska sem töluð er í þessum bókmenntum ber með sér að hún sé í stöðugri samræðu við önnur tungumál og aðra menningarheima. Öll skapandi skrif felast í því að „þýða hugsun sína“ (fr. *traduire sa pensée*) eins og Michel Deguy orðar það.<sup>22</sup>

Þýðing er í þessum skilningi grundvallarforsenda skrifa og öll skrif eru hlaðin innri og ytri þýðingum. Í grein sinni um þýðingar „Qu'est-ce qu'une traduction „relevante“?“ (Hvað er viðeigandi þýðing?), talar Derrida um að tungumál snerti hvert annað, sleiki hvert annað líkt og tungur eða eldtungur, hvort sem við erum innan eins máls eða milli mála eins og þegar við þýðum frá einni tungu yfir á aðra. Þegar kemur að tungumálum er alltaf um mergð tungumála að ræða og landamærin eða mörkin eru aldrei fullkomlega hrein eða held.<sup>23</sup> Í bók sinni *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir* fjallar Ástráður Eysteinnsson um þriðja textann sem afurð óbeins

<sup>20</sup> Abdelkebir Khatibi, *Maghreb pluriel*, Paris: Denoël, 1983.

<sup>21</sup> „Toute cette littérature maghrébine dite d'expression française est un récit de traduction. Je ne dis pas qu'elle n'est que traduction, je précise qu'il s'agit d'un récit qui parle en langues.“ Sama rit, bls. 186.

<sup>22</sup> Michel Deguy, „Traduire, disent-ils“, *L'Écrit du temps. La décision de traduire: l'exemple Freud*, 7/1984, bls. 91–100.

<sup>23</sup> Jacques Derrida, „Qu'est-ce qu'une traduction „relevante“?“, *Jacques Derrida*, Paris: Éditions de l'Herne, 2004, bls. 561–562.

samruna tveggja texta, frumtexta og þýðingar.<sup>24</sup> Ástráður leiðir líkur að því að eitthvað svipað gerist við allan skapandi lestur: Þýðingar „skerpa sýn okkar á aðstæður sem einkenna alla meðtöku þess sem er í senn framandi og krefjandi“. Þær séu á ákveðinn hátt „forsenda skilnings og sköpunar“ og „[koma] á undan og ekki eingöngu eftir á“.<sup>25</sup> Þýðing „sem gengur til móts við framandleikann þýði[r] í senn frumtextann og sitt eigið tungumál og þjóðlegt samhengi. Hún breytir hvoru tveggja um leið og hún skapar hið þriðja“.<sup>26</sup> Varðandi „tví-tunguna“ þyrfti ef til vill að gera fyrirvara: Það er alkunna hver það er sem talar „tungum tveim“! Skáldskapur er stundum sagður tóm lygi og mætti með nokkrum sanni halda því fram að allir textar séu skrifaðir á „tví-tungu“. Rithöfundurinn er aldrei fullkomlega heill og einn við iðju sína: Hann hefur ekki einkarétt á merkingu textans. Að henni koma lesendur (innra með höfundi og utan hans) og klofinn rithöfundurinn í textaneti skáldskaparins.

Djebar er á svipuðum slóðum og Khatibi. Hugtakið „millitveggja-tungna“ (fr. *l'entre-deux-langues*) er mikilvægt í skrifum hennar. Þarna er um að ræða millibil eða merkingarrými sem tengir frönsku og arabísku. Í þessu rými ríkja átök og tortryggni, en á stundum gagnkvæm virðing. Í þessu sambandi hefur Djebar fjallað um flókin tengsl í „málsniði útleigðarinnar“ og „tungumáli hins ósmættanlega/ósamrýmanlega“.<sup>27</sup> Það hefði engu breytt, segir Djebar, hefði hún verið Kelti, Baski eða Kúrði: Fyrsta tungumálið hefði iðað innra með henni við kringumstæður þegar yfirgnæfandi ríkisvald, kirkjuvald eða annað kúgunarvald hefði gert allt til að afmá þetta fyrsta tungumál. „Nei“ þvermóðskunnar, þagnarinnar og andspyrnunnar, sem stundum virðist ofaukið, hefði brotist fram í skrifum hennar.<sup>28</sup>

Þótt Djebar hafi á sínum tíma búið í París, í hjarta Frakklands, taldi hún sig að miklu leyti framandi í frönsku samfélagi. Henni var engu að síður tamt að tileinka sér franska þekkingu. Sem dæmi um

<sup>24</sup> Ástráður Eysteinnsson, *Tví-mæli. Þýðingar og bókmenntir*, Reykjavík: Háskólaútgáfan/Bókmenntafræðistofnun, 1996, bls. 173–175.

<sup>25</sup> Sama rit, bls. 173.

<sup>26</sup> Sama rit, bls. 178.

<sup>27</sup> Í ávarpi sem Djebar hélt árið 2000 í tilefni af því að henni voru afhent friðarverðlaun útgefenda og bóksala í Þýskalandi. Sjá: <http://remue.net/spip.php?article681>, [sótt 10. desember 2010].

<sup>28</sup> Sama heimild.

Það nægir að benda á að hún var fyrsta alsírskan konan sem innritaðist í École Normale Supérieure, skóla sem telst ein æðsta menntastofnun Frakklands, þaðan sem hún lauk síðar doktorsprófi í sagnfræði. Árið 2005 hlotnaðist henni sú upphæfð að vera kosin inn í frönsku Akadémíuna, l'Académie Française (eða „samfélag hinna ódauðlegu“ (fr. *les immortels*), eins og sagt er), fyrst magrebískra (arabískra) höfunda.

Arabíska er móðurmál Djebbar og það tengir hana við samfélag alsírskra kvenna. En hún hlaut háskólamenntun sína í franska skólakerfinu, skrifar ekki klassíska arabísku heldur stendur á milli tveggja menningarheima. Hún var t.d. ekki lokuð inni á heimilinu heldur fékk að vera utandyra án slæðu. Hún naut þannig óvenjulegs „kvenfrelsis“, en þurfti í staðinn að taka upp tungu nýlenduherranna. Djebbar hefur sagt að til þess að slíta af sér fjötra frönskunnar verði að beita hana „öfbeldi“, menga hana arabísku talmáli og marka hana þannig sporum þjóðar sinnar og sögu sinna þöggðu alsírsku systra.

Djebbar hefur haldið því fram að hún hafi litið á frönsku sem sitt svæði (fr. *territoire*). Þar hafi hún haslað sér völl, en samt verið á mörkum tungumálsins. Engin raunveruleg breyting varð þar á þegar hún flutti til Frakklands: Tungumálið hélt áfram að vera samastaður hennar, ekki sjálft Frakkland.<sup>29</sup> Það er á mörkum tungumála sem Djebbar stendur frammi fyrir „ómöguleikanum“. Hún telur það skyldu sína að greina frá píslargöngu þjóðar sinnar. En til þess að viðhalda minningunni þarf hún að nota frönskuna, hið „erlenda tungumál“. Hún segist auk þess þurfa að „létta af þessu skrifmáli hinum þunga skugga sem hvílir á því vegna fortíðar þess í Alsír“ (franskan sem breiddist út í Alsír með innrásaraðilum árið 1830 og fylgdi þeim í hrottafengnu stríði sem stóð um 40 ár – en einnig franskan sem tilheyrir tímabilinu sem er kennt við frið í Alsír (fr. *l'Algérie pacifiée*) á árunum 1920–1930).<sup>30</sup>

Á það hefur verið bent að skáldsögur Djebbar séu eins konar sögulegur uppskafningur (fr. *palimpseste*), þ.e. handrit sem hefur verið skafið upp til að hægt væri að skrifa nýjan texta á síðurnar.<sup>31</sup>

<sup>29</sup> Sama heimild.

<sup>30</sup> Sama heimild.

<sup>31</sup> Sjá m.a. Anne Donadey „Elle a résumé le vif du passé. L'écriture-palimpseste d'Assia Djebbar“, *Postcolonialisme and Autobiographie*, ritstj. Alfred Hornung og Ernstpeter Ruhe, Amsterdam: Rodopi, 1998, bls. 101–115, hér bls. 103–104.

Með sérstakri tækni er þó hægt að kalla fram upprunalegu skrifin bak við þau nýju. Á sama hátt skráir Djebar og endurskrifar sögu sína í eyðurnar í orðræðu „hins“ (hvort sem um er að ræða nýlenduvaldið eða föðurlegt hefðarvald). Djebar dregur þannig fram andóf alsírskra kvenna og þöggun þeirra og bregst við frönskum frásögnum af nýlendum frá sjónarhorni kvenna.

Í bók sinni *Loin de Médine* (Fjarri Médínu, 2001)<sup>32</sup> dregur Djebar t.d. upp mynd af múslímsku samfélagi í mótun og þegar múslímskar arabískar konur gegndu lykilhlutverki. Hún tekur síðan upp þráðinn í bók sinni um Alsírsstríðið frá 1954 til 1962. Bók hennar *L'Amour, la fantasia* fjallar um sjálfstæðisbaráttu landsins og andspyrnu gegn nýlendustefnu frá sjónarhóli kvenna. Þær mót-sagnir sem einkenndu þessa baráttu endurspeglast í henni sjálfri og samfélagsstöðu hennar sem alsírskrar menntakonu (sem hefur hlotið menntun í Frakklandi og skrifar á frönsku) og í togstreitunni milli hins þjóðernislega og heimsborgaralega. Alsírská þjóðfrelsisfylkingin (FLN) tileinkaði sér bæði íslömsk og vestræn gildi í baráttu sinni gegn Frökkum á sjötta áratugnum og upphafi þess sjöunda. FLN neitaði að gangast við tvíhyggjunni sem fólst í að stilla þeim upp sem andstæðum. Þannig má einnig lýsa alsírsku þjóðinni á tímabili sjálfstæðisbaráttunnar: Hreyfingin var bæði mjög þjóðernissinnuð og heimsborgaraleg – samtímis höll undir íslam og ekki síður móttækileg fyrir vestrænum gildum.

Eftir að Alsír fékk sjálfstæði lenti Djebar milli þessara menningarheima. Þegar eftirlendurithöfundar skrifuðu á „tungumáli andstæðingsins“ – jafnvel þótt þeir berðust gegn nýlendustefnunni eins og hún – voru þeir sakaðir um svik eða um að ná ekki til eigin fólks. Fyrir kvenrithöfunda var um tvenns konar svik að ræða: Þær skrifuðu ekki á móðurmáli sínu og virtu að vettugi ráðandi þjóðernishugmyndafræði, þar sem konur voru aðeins notaðar sem tákn fyrir þjóðina. Engu breytti þótt helstu andstæðingar nýlendustefnunnar eins og Frantz Fanon og Aimé Césaire skrifuðu á tungumáli nýlenduherranna. Í þeirra augum var tungumálið baráttutæki eða vopn í þágu þjóðarbókmennta.

Djebar glímir við þennan flókna veruleika í skrifum sínum. Nýlenduna skilgreinir hún þó aldrei sem átök tveggja aðskilinna

<sup>32</sup> Assia Djebar, *Loin de Médine*, Paris: Albin Michel, 1991.

heilda; hún lýsir því hvernig hver og einn aðili í þessari blóðugu baráttu er sundraður hið innra sem ytra.<sup>33</sup> Þrátt fyrir baráttu hennar gegn nýlendustefnunni skrifar hún einnig gegn Fanon og öðrum sem skrifuðu um þjóðernisbaráttu og andspyrnu gegn frönsku nýlenduvaldi eingöngu út frá karlegri reynslu, þar sem raddir kvenna heyrast ekki eða eru bældar. Hún heldur því áfram í bókum sínum um borgarastyrjöldina sem braust út í Alsír á tíunda áratug 20. aldar (þ.e. í *Vaste est la Prison, Oran, langue morte* og *Le Blanc d'Algérie*). Markmiðið er að gera reynslu kvenna miðlæga og tengja hana við hina pólitísku baráttu gegn valdi: feðraveldinu, nýlenduherum eða trúarofbeldi. Í *Oran, langue morte* og *Le Blanc d'Algérie* fjallar Djebbar um hina brotnu ímynd heimalands síns sem orðið hefur íslömsku ofbeldi að bráð – og það gerir hún með beinum skírskotunum til menntamannamorðanna eins og áður sagði. Hún dregur upp átakanlegar myndir af menntamönnum sem hafa verið myrtir, fjallar um minninguna um vini sem hún hefur misst. Frásögnin einkennist af spennu milli þess að muna og gleyma.

Umfjöllun Djebars um sorgina ber merki þess að hún sé stöðugt að fjarlægjast heimaland sitt. Þetta kemur síðan enn betur fram í *Les Nuits de Strasbourg* (Nætturnar í Strassborg, 1997)<sup>34</sup>, en þar tekur hún upp þráðinn þar sem frá var horfið áður en hún fór að skrifa um borgarastyrjöldina í Alsír. Dregin er upp mynd af Alsír sem landi sem hefur liðast í sundur. Gegn heimalandi sínu teflir hún Strassborg sem rými fyrir samræðu ólíkra menningarheima og sem mögulegum stað sátta. Djebbar er hætt að skrifa um ofbeldið og hefur snúið sér að því skrifa um ímyndað Alsír. Þetta nýja Alsír, eins og hið nýja tungumál hennar, er ekki bundið landsvæði, heldur beinist gegn ofbeldi og er hlutlaust: Það er byggt á hugmyndum og minningum um stað sem hefur tortímt sjálfum sér.

<sup>33</sup> Sjá grein Mireille Calle-Gruber „La servante du texte“, *Assia Djebbar: la littérature et la transmission*, ritstj. Wolfgang Asholt, Mireille Calle-Grube og Dominique Combe, París: Presses Sorbonne Nouvelle, 2010, bls. 197–210, hér bls. 202.

<sup>34</sup> Assia Djebbar, *Les Nuits de Strasbourg*, París: Actes Sud, 1997.



## 6. Lokaorð

Það að vera á milli mála einkennir verk Assiu Djebbar og fleiri „nýlendu höfunda“. Eins og Derrida bendir á í bók sinni *Le Monolinguisme de l'autre* er einstök staða rithöfunda eins og Djebbar dæmi um altæka formgerð sem sýni eins konar frumlægð afsal eða firringu sem geri sérhvert tungumál að tungumáli hins. Um leið sé þetta lýsandi dæmi um hið ómögulega eignarhald tungumála.<sup>35</sup> Khatibi orðaði þetta svo: „Franskt tungumál er ekki franskt tungumál: Franskan er að meira eða minna leyti öll þau innri og ytri tungumál sem leysa hana upp“.<sup>36</sup> Sögulega er Alsír land sem hefur mátt þola innrásir, nýlendustefnu og stríð. Minni um stríð einkennir alsírskar bókmenntir, munnmæli og frásagnir. Og sama máli gegnir um sögu Alsírs í bókum Djebbar og hlutverk kvenna í henni. Hún leitast við að skrifa á annan hátt um þessa sögu í póstkólóníalísku samhengi með því að beina sjónum að sögulegu og pólitísku hlutverki kvenna í Alsír og reyna að komast að kvikunni og hrynjandinni í sjálfsmynd þeirra. Markmiðið er að skapa rými fyrir þátttöku kvenna í sjálfstæðisbaráttunni með því að neita að gangast undir söguskoðun nýlenduherranna eða hina karllægu útgáfu þjóðfrelsisbaráttunnar. Í þessu felst framlag hennar til sjálfstæðisbaráttunnar og „þjóðarupbyggingar“: Hún vill endurskapa þessa sögu með því að gera framlag kvenna miðlægt.

Sögulegar skírskotanir Djebbar einskorðast ekki við þjóðfrelsisbaráttu Alsírs á 20. öld, sem náði hámarki í Alsírstríðinu, og afleiðingar hennar í samtímanum. Þær ná mun lengra aftur í tímann eða til innrásar og hernáms Frakka árið 1830 og stundum lengra þegar hún leitar aftur til 7. aldar eftir Krist til að kryfja sögu íslams og stöðu kvenna innan hennar. Djebbar fjallar um hina póstkólóníalísku konu, um kúgunarkerfi, um kvenlega meðvitund sem andfrásögn (fr. *contre-narration*). Með femínísku gagnrýni að leiðarljósi dregur Djebbar fram spennuna milli einstaklingsins og samfélagsins. Samstaða er nauðsynleg til að skapa andstöðu, en

<sup>35</sup> Jacques Derrida, *Le Monolinguisme de l'autre*, bls. 121.

<sup>36</sup> „La langue française n'est pas la langue française: elle est plus ou moins toutes les langues internes et externes qui la font et la défont“, Abdelkebir Khatibi, *Maghreb pluriel*, Paris: Denoël, 1983, bls. 188.

samstaðan getur borið einstaklinginn ofurliði. Samfélag kvenna og kvenleg reynsla verður þannig að áttakpunkt. Þrátt fyrir leitina að rödd heildarinnar, samstöðunnar, neita kvenpersónurnar í bókum Djebbar oft að lúta – eða láta loka sig inni í – stöðnuðum félags- og menningarkerfum.

Þessari stöðu deilir rithöfundur eins og Djebbar með fleiri frönskumælandi rithöfundum sem velta fyrir sér leið sinni um tungumálið, hvort sem það er móðurmál, annað eða þriðja mál. Djebbar er tíðrætt um „tungumál hins ósmættanlega“, en það stendur fyrir minningarnar sem hún skráir í textann. Djebbar gagnsýrir frönskuna með arabískum tungum, þögn og röddum kvenna, alsírskri menningu og sögu. Franskan verður „hennar“ („franskan mín“, eins og hún segir sjálf).<sup>37</sup> En til að draga fram minningarnar í málinu reynist nauðsynlegt að þvinga þær fram, hrista af því nýlendurykið, kúgun og blóðsúthellingar. Hið ósamrýmanlega tungumál felur í sér mótspyrnu. Nei-ið, sem endurómar í huga Assiu og höfundarverki hennar, er tákn uppreisnar gegn þöggun alsírskrar menningar og sögu og alsírskra kvenna sérstaklega. Franskan rúmar þannig hið ósamrýmanlega – sem málsnið útleğðarinnar.

## ÚTDRÁTTUR

### Tungumál útleğðar – um skrif alsírskra rithöfundarins Assiu Djebbar

Fjallað er um tilraunir alsírskra rithöfundarins Assiu Djebbar til að glíma við mótsögn í skáldverkum sínum: „ómöguleika“ þess að skrifa á frönsku og skrifa ekki á frönsku. Djebbar þarf að finna þriðju leiðina milli öfga sem felast í einföldum samruna við franska bókmenntahefð eða upphafningu á hinu staðbundna og upprunalega í alsírskri menningu. Í því samhengi verður sjónum beint að hugtakinu „þýðing“ í skrifum Djebbar: Hún semur á frönsku, en gagnsýrir texta sinn arabískum áhrifum. Þannig „tvítýngir“ hún frönskuna eða yfirfærir framandi sögu, reynslu og raddir á tungumálið. Tvítýngið er afbygging sem dregur fram skilafrestinn, eins

<sup>37</sup> „Un texte nouveau, [...] une graphie qui devient „mon français“, Assia Djebbar, *Ces voix qui m'assiègent... en marge de la francophonie*, Paris: Albin Michel, 1999, bls. 28.

Jacques Derrida skilgreindi hann, og/eða mismuninn í tungumálinu. Sýnt verður hvernig Djébar endurskrifar sögu sína í eyðurnar í orðræðu „hins“ – hvort sem um er að ræða nýlendustefnu Frakka eða föðurlagt hefðarvald alsírskrar menningar. Sérstök áhersla er lögð á hvernig Djébar dregur fram þöggun og andóf alsírskra kvenna í því sambandi.

#### ABSTRACT

### The Language of Exile: On the Algerian Writer Assia Djébar

The article explores the works of the Algerian Francophone writer Assia Djébar. Her task is to find a way to avoid the two extremes, or contradictions, of either being incorporated as a woman and a writer into a French literary tradition or being reified in the local and primordial in Algerian culture. For this purpose, the concept of “translation” in Djébar’s writings is analyzed, especially as regards her practice of infusing the French language with Arabic influences. In this way she “bi-tongues”, or translates into French foreign history, Algerian experiences and voices. This is a form of deconstruction, drawing on Derrida’s term “différance”, which entails deferral and difference, within the language itself. Djébar, thus, rewrites her own story, and that of other women, from the perspective of the Other – whether it involves French colonialism or Algerian patriarchy. Djébar highlights the oppression and silencing of Algerian women from historical and contemporary perspectives, while at the same time underlining their various forms of resistance.